

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2014

110-2014i

frá 16. maí 2014

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka
fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðildarríkja EES-samningsins þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1288/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót „Erasmus+“: áætlun Sambandsins um menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir og um niðurfellingu ákvarðana nr. 1719/2006/EB, nr. 1720/2006/EB og nr. 1298/2008/EB ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 31 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2014 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 4. gr. bókunar 31 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir málsgrein 2m:
„2n. EFTA-ríkin skulu, frá og með 1. janúar 2014, taka þátt í eftirtalinni áætlun:
– **32013 R 1288**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1288/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót „Erasmus+“: áætlun Sambandsins um menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir og um niðurfellingu ákvarðana nr. 1719/2006/EB, nr. 1720/2006/EB og nr. 1298/2008/EB (Stj. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 50).“
2. Texti 3. mgr. hljóði svo:
„EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í 1. og 2. mgr. og málsgreinum 2a, 2b, 2c, 2d, 2e, 2f, 2g, 2h, 2i, 2j, 2k, 2l, 2m og 2n, í samræmi við staflið a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hefur borist (*).

Hún gildir frá 1. janúar 2014 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stj. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 50.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.